

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta  
The National Union of Icelandic Students  
Established 2013



Reykjavík, 19. Júní 2017

**Efni: Vinnslutillaga á staðsetningu Borgarlínu og aukinna byggingaheimilda innan áhrifasvæða hennar**

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) fagna áformum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um fyrirhugaða Borgarlínu og telja það mikilvægt skref fyrir háskólastúdenta á höfuðborgarsvæðinu sem og samfélagið í heild sinni. Það eru miklir hagsmunir fólgnir í bættum almenningssamgöngum fyrir stúdenta. Þá má sérstaklega nefna fjárhagslega hagsmuni í ljósi hratt hækkandi leiguverðs í nágrenni háskóla á höfuðborgarsvæðinu og þann kost að geta búið á stærra svæði innan viðkomandi byggðarlags en einungis hluti stúdenta hefur aðgang að stúdentaíbúðum.

Með því að gera þeim u.þ.b. 17.500 stúdentum sem stunda háskólanám á höfuðborgarsvæðinu kleift að nýta sér þennan ferðamáta, auk annarra borgara sem kæmu til með að gera slíkt hið sama, væri m.a. hægt að: minnka umferð, draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, minnka staðbundna mengun og lækka útgjöld til innviða sem tengjast einkabílnum, svo sem bílastæði. Þetta gefur til kynna að tilkoma Borgarlínu myndi ekki einungis skila sér með bættum kjörum einstaklinga, heldur einnig vera samfélaginu í hag í heild sinni.

LÍS fagnar fyrirhugaðri nálægð Borgarlínu við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík en hvetur SSH eindregið til þess að hugsa einnig til Listaháskóla Íslands og leitast til þess að hafa Borgarlínu í aðgengilegri fjarlægð frá honum, í samráði við stúdenta og skólayfirvöld. Ennfremur vill LÍS hvetja SSH til þess að hafa ávallt í huga og taka tillit til staðsetningar háskólanna á höfuðborgarsvæðinu ef frekari skipulagsbreytingar verða gerðar á Borgarlínunni og staðsetningu hennar. Þá telur LÍS mikilvægt að ekki sé einungis horft til tölulegra upplýsinga um þéttingarhlutfall íbúa við skólanna þegar staðsetning er valin, heldur einnig til mikilvægis þess að stúdentar geti nýtt sér almenningssamgöngur.

Mikilvægt er að fargjald með Borgarlínu verði á viðráðanlegu verði fyrir stúdenta og leggur LÍS áherslu á að boðið verði upp á sérstök námsmannakort fyrir stúdenta, líkt og tíðkast nú þegar hjá Strætó, eða aðra sambærilega kosti. LÍS bendir SSH á þá staðreynd að ekki er gert sérstaklega ráð fyrir samgönguútgjöldum stúdenta í úthlutunum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Því ber að huga að því að kostnaðarsamar samgöngur hafa bein áhrif á aðra kostnaðarliði stúdenta, til að mynda á upphald og húsnæði.

Tilkoma Borgarlínu er jákvætt skref í átt að vistvænni framþróun innan höfuðborgarsvæðisins, þar sem hinn almenni borgari á kost á hentugum og hröðum almenningssamgöngum til þess að komast leiðar sinnar. Stúdentar nýta sér almenningssamgöngur í miklum mæli og þess vegna eru greiðar almenningssamgöngur mikilvægt hagsmunamál fyrir stúdenta. Sökum þess fagnar LÍS fyrirætlunum SSH um byggingu Borgarlínu og leggur áherslu á að tekið verið tillit til þeirra sjónarmiða sem hér hafa komið fram.

F.h. Landssamtaka íslenskra stúdenta

Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður

